

Fréttapistill frá forseta Íslands

6. júlí 2020

Nýliðin vika ber keim af því að sumarfrí eru hafin. Sömuleiðis olli forsetakjör því að færri viðburðir voru settir á dagskrá en ella. Á sunnudag fyrir rúmri viku ræddi ég við fjölmiðla um úrslit kjörsins. Þá helgi var einnig birt kveðja mín á ensku í tilefni af „Global Pride 2020“, viðburðar sem boðað var til á netinu í stað gleðigangna víða um heim og horfa má á hér.

Síðustu daga hafa mér borist heillaóskir og góðar kveðjur hvaðanæva að úr heiminum og þakka ég kærlega þann hlýhug.

Á þriðjudaginn var sótti Eliza aðalfund Landssambands eldri borgara og flutti þar ávarp. Síðastliðin fimmtudag var hún svo viðstödd útgáfuhóf tímaritsins Erlendur Magazine. Í því riti verður lögð áhersla á líf og reynslu íbúa landsins af erlendum uppruna.

Þann fimmtudag fögnuðu samtökin UN Women tíu ára afmæli. Á vegum þeirra er ég „HeForShe Champion“. Undir merkjum þeirrar hreyfingar eru karlmenn sérstaklega hvattir til að beita sér í baráttunni fyrir kynjajafnrétti. Hægt er að lesa um starf UN Women á Íslandi og um heim allan á heimasíðu þeirra: <https://unwomen.is/>.

Á föstudaginn var átti ég símafund með Borut Pahor, forseta Slóveníu, um samband Íslands og Slóveníu og mögulegar leiðir til að styrkja það frekar þegar veirufaraldrinum hefur slotað.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og ítreka þakkir til allra sem sent hafa mér kveðjur í kjölfar forsetakjörs.